



Forsætisráðherra,
Jóhanna Sigurðardóttir
Forsætisráðuneytið,

150 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2012

Samtök atvinnulífsins fjalla nú um stöðu mála vegna opunarákvæða kjarasamninga frá 5. maí sl. þar sem taka þarf ákvörðun um uppsögn samninga í síðasta lagi 20. janúar nk. eigi þeir að losna í janúarlok. Meðal umfjöllunarefna er hvernig yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana hefur gengið eftir. Í bréfi þessu verður fjallað um framgang einstakra mála eins og þau koma fram í yfirlýsingunni:

I. Efnahagsstefnan	
	Samráð um áherslur í endurnýjaðri ríkisfjármálastefnu var afar takmarkað og eingöngu í tilkynningaformi.
	Engin efnahagsáætlun sem byggði á sameiginlegum áherslum var kynnt og aðkoma að reglulegu endurmati og setningu nýrra markmiða var lítil sem engin.
	Ekkert samráð hefur verið haft við aðila vinnumarkaðarins um mótun nýrrar peningastefnu eða um endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands.
II. Bætur almannatrygginga og persónuafsláttur	
	Ágreiningur er við ASÍ um hækkun bóta almannatrygginga. SA studdu ekki þá framkvæmd sem viðhöfð var í kjölfar samningana 5. maí en töldu það engu að síður niðurstöðu samninga milli ASÍ og ríkisstjórnarinnar og gerðu ráð fyrir að sama framkvæmd yrði áfram á hækkun bóta.
	Persónuafsláttur hefur hækkað eins og til stóð.
III. Starfsskilyrði atvinnulífsins	
	Tryggingagjald hefur lækkað eins og til stóð.
	Umræður um tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur standa yfir og hefur lítt miðað.
	Frumvarp til breytinga á skattamálum atvinnulífsins var lagt fram á vörþingi í bærilægri sátt en ákveðnar breytingar í meðförum þingsins voru ekki ásættanlegar. Önnur vinna að skattamálum atvinnulífsins hefur verið í gangi en hægt miðað.
	Stjórnvöld hafa ekki haft samráð við fyrirtæki og samtök þeirra um umbætur í skattamálum.
	Lagt var í átak gegn svartri atvinnustarfsemi sem gekk vel.
	Lagafrumvarp vegna misnotkunar félaga hefur ekki séð dagsins ljós.



	Engar breytingar hafa orðið á lögum vegna réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti.
	Ekki hefur verið breytt lögum um opinber innkaup né hafa stjórnvöld gefið út tilmæli um samræmt mat á hæfi bjóðenda.
IV.	Sókn í atvinnumálum
	Ekki stefnir í að hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu aukist umtalsvert hvað þá að 20% fjárfestingarhlutfall sé líklegt til að nást á árinu 2013.
	Engin hagvaxtar- og fjárfestingaráætlun var lögð fram í maí.
	Vegaframkvæmdir á Suðvesturlandi með sérstakri fjármögnun hafa verið slegnar af.
	Rammaáætlun um vernd og nýtingu orkuauðlinda hefur ekki verið lögð fram.
	Ekki hafa tekist nýir samningar um tvö umtalsverð fjárfestingaverkefni en þar af átti annað að vera á Norðausturlandi.
	Bein erlend fjárfesting hefur ekki verið aukin með nýjum aðgerðum og engar hindranir aflagðar.
	Átakið „allir vinna“ var framkvæmt.
	Íslandsstofu hefur ekki verið falið að setja fram tillögur um hvataaðgerðir vegna fjárfestinga í orkufreki starfsemi.
	Engar sérstakar nýjar umbætur á fjármálamarkaði hafa verið gerðar.
	Átakið „Ísland allt árið“ hefur farið vel af stað.
	Klasasamstarf á grundvelli hugmynda Samtaka iðnaðarins fékk ekki brautargengi í fjárlögum 2012 þótt reynslan væri jákvæð.
	Ekkert nýtt hefur verið gert til að efla Nýsköpunarsjóð eða Tækniþróunarsjóð.
V.	Menntamál og vinnumarkaðsúrræði
	Bráðaaðgerðir til að koma atvinnulausu fólki í nám gengu vel haustið 2011.
	Átak vegna starfstengdra úrræða er að hefjast.
	Ekki hefur orðið vart við samráð vegna endurskoðunar laga um LÍN.
	Þróunarsjóður og Vinnustaðanámssjóður fengu sín framlög.
VI.	Lífeyrismál, starfsendurhæfing og húsnæðismál
	Engin fundur hefur verið haldinn í starfshópi vegna samræmingar lífeyrisréttinda.
	Engar aðgerðir hafa verið gerðar vegna tryggingafræðilegs halla LSR.
	Enginn starfshópur hefur verið settur á laggirnar og engin fundahöld hafa orðið vegna inngreiðslna í almennu lífeyrissjóðina.



	Frumvarpsvinna vegna starfsendurhæfingar hefur verið í gangi og er á lokastigi.
	Vinna vegna húsnæðismála hefur farið af stað.
Bókun um málsmeðferð í sjávarútvegs málum	
	Bókunin gekk á engan hátt eftir.
Bókun um framkvæmd yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar	
	Starfshópur hefur verið nánast óvirkur.

Svo sem fram kemur af framangreindri upptalningu hafa fjölmörg áform ríkisstjórnarinnar sem fram koma í yfirlýsingunni ekki náð fram að ganga. Af 36 atriðum sem talin eru upp hafa 24 ekki verið efnd. Afdrifaríkast er að fjárfestingar í atvinnulífi og opinberar framkvæmdir hafa ekki aukist eins og lagt var upp með. Síðustu efnahagsspár gera ráð fyrir 7,7% vexti landsframleiðslu á árunum 2011 – 2013 en samkvæmt spá AGS frá nóvember 2008 þegar efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og sjóðsins hófst var spáð 13,8% hagvexti á þessu þriggja ára tímabili. Samkvæmt þessu mun vanta um 100 milljarða króna upp á landsframleiðsluna á árinu 2013 miðað við það sem gert var ráð fyrir og þessi munur heldur áfram að aukast ár frá ári meðan hagvöxtur nær ekki 4% - 5% á ári yfir a.m.k. þriggja ára tímabil.

Almennt er enginn ágreiningur um að auknar fjárfestingar í atvinnulífinu, sérstaklega í útflutningsgreinum, verða að draga vagninn í efnahags- og atvinnumálum og er eina raunhæfa leiðin til að tryggja ný og arðbær störf til framtíðar og eyða atvinnuleysi. Lífskjör á Íslandi geta aðeins batnað á varanlegum grunni með framgangi atvinnulífsins. Það er atvinnulífið sem skapar störfin og lífskjörin.

Forsendur kjarasamninganna 5. maí um auknar fjárfestingar og hagvöxt hafa ekki gengið eftir og því eykst hættan á að þeir valdi verðbólgu og atvinnuleysi í stað þess að samningarnir séu sá grundvöllur framfara sem gert var ráð fyrir. Störf ríkisstjórnarinnar hafa frekar orðið til að draga úr fjárfestingum, s.s. í sjávarútvegi með áframhaldandi óvissu um lög um stjórn fiskveiða, drátt á framlagningu rammaáætlunar og beinni andstöðu við áform um tiltekin fjárfestingarverkefni.

Getuleysi ríkisstjórnarinnar við að efna mikilvæga þætti yfirlýsingarinnar er á engan hátt ásættanlegt. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar er mikil vegna þess að starfsskilyrði atvinnulífsins eru í hennar höndum og hún hefur ekki nema að mjög litlu leyti viljað vinna með aðilum vinnumarkaðarins til þess að koma málum til betri vegar. Þvert á móti hafa verið settar og boðaðar nýjar og þungar álögur á atvinnulífið. Skattahækkanir ríkisstjórnarinnar á atvinnulífið og vinnumarkaðinn við afgreiðslu fjárlaga fyrir 2012 og fylgifrumvarpa þess keyra um þverbak.

Sérstakur 5,45% launaskattur á fjármálafyrirtæki, svonefndur fjársýsluskattur, er tekinn upp og ætlað að skila 2,25 milljörðum króna árlega í ríkissjóð. Áfram er innheimtur sérstakur skattur á fjármálastarfsemi sem áætlað er að nemi rúmum einum milljarði króna.

Fjármálafyrirtækjum er ætlað að greiða 2,4 milljarða króna til að standa undir sérstökum vaxtaniðurgreiðslum.



Sérstakur 6% tekjuskattur er lagður á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna.

Boðuð er tvöföldun veiðigjalds á sjávarútveg, úr 13,3% í 27% af reiknaðri framlegð fyrir vaxtagreiðslur og afskriftir (EBIDTA). Áætlað er að gjaldið hækki vegna þessa um 4,5 milljarða króna á ársgrundvelli.

Kolefnisgjald er hækkað sérstaklega með þeim rökum að verið sé að færa gjaldið úr 75% af verði losunarheimilda á Evrópumarkaði upp í 100%. Frá því lög um gjaldið voru sett árið 2009 hefur markaðsverð losunarheimilda lækkað um helming (úr 13 € í 6,40€ á hvert tonn CO₂). Forsendur hækkunar gjaldsins eru því ekki fyrir hendi og ætti það að lækka þess í stað. Áætlað er að hækkunin skili ríkissjóði 800 m.kr. aukalega árið 2012.

Óeðlilegt er að flugsamgöngur innanlands þurfi, á árinu 2012 og framvegis, bæði að greiða kolefnisgjald á eldsneyti og falla undir viðskiptakerfi ESB (ETS) um útstremisheimildir gróðurhúsalofttegunda.

Sérstakt 100 kr. gistináttgjald er tekið upp. Gjaldið nær einungis til hluta ferðapjónustuaðila sem gagnrýna þá mismunun sem í því felst og óttast víðtæk undanskot frá skattinum.

Auðlegðarskattur er framlengdur um eitt ár og nýtt 2% skattþrep tekið upp til viðbótar því 1,5% sem fyrir var.

Heimild til frádráttar frá tekjuskattstofni vegna viðbótar lífeyrissparnaðar er lækkuð úr 4% í 2%. Sú breyting er sögð tímabundin en mun ótvírætt skaða þetta mikilvæga sparnaðarform til frambúðar.

Á lífeyrissjóðina er lagður skattur sem nemur 0,0814% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Áætlað er að álögurnar nemi 1.500 m.kr. á árinu 2012. Til samanburðar nema rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld lífeyrissjóðanna 3.700 m.kr. þannig að skatturinn samsvarar 40% af þeim kostnaði. Skatturinn minnkar lífeyrisréttindi í samtryggingarsjóðum á almennum vinnumarkaði en ekki í sjóðum á vegum hins opinbera sem gengur þvert á þá stefnumörkun sem unnið hefur verið að.

Samtök atvinnulífsins hafa mótmælt þessum skattahækkunum og þær eru sannarlega ekki niðurstaða af samráði við fyrirtæki og samtök þeirra um umbætur í skattamálum eins og ríkisstjórnin boðaði í yfirlýsingu sinni.

Samtök atvinnulífsins telja tilgangslaust að óska eftir endurnýjuðum loforðum ríkisstjórnarinnar vegna mála sem ekki hafa gengið fram í samræmi við yfirlýsingu hennar. Nú verða það aðeins verkin sem tala eða tala ekki.

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa fjallað sameiginlega um forsenduákvæði kjarasamninganna á undanförunum vikum og mánuðum. Á næstu dögum eru fleiri fundir milli samningsaðila fyrirhugaðir.

Samstarf ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins er afar mikilvægt til þess að stuðla að farsælum framgangi efnahags- og atvinnumála. Því miður hefur ríkisstjórnin ekki tekið þetta samstarf alvarlega svo sem bæði má merkja af vanefndum á Stöðugleikasáttmálanum frá júní 2009 og yfirlýsingu vegna samninganna 5. maí sl.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Vanefndir ríkisstjórnarinnar hafa skapað mikið vantraust í hennar garð hjá Samtökum atvinnulífsins. Samtökin voru tilbúin til þess að vinna náið með ríkisstjórninni til þess að skapa skilyrði fyrir endurheimt starfa og lífskjara í kjölfar hrunsins 2008 svo sem Stöðugleikasáttmálinn í júní 2009 og kjarasamningarnir 5. maí sl. bera glögg vitni um. Ríkisstjórnin hefur með getuleysi og viljaleysi brugðist því trausti sem Samtök atvinnulífsins hafa sýnt henni.

Virðingarfyllst.

Vilmundur Jónsson

Vilhjálmur Egilsson

